

Mættir:

- Þorsteinn Gunnarsson (bæjarskrifstofa) - Formaður
- Fríða Egilsdóttir (leikskóli)
- Lóa Björg Björnsdóttir (leikskóli)
- Halldóra Halldórsdóttir (grunnskóli)
- Arnfinnur Antonsson (höfnin)
- Sigurbjörg Eringsdóttir (Miðgarði)

1. Yfirferð á Viðbragðsáætlun í eineltismálum

Farið yfir Viðbragðsáætlun í eineltismálum hjá Grindavíkurbæ. Ákveðið var í tölvupóstsamskiptum nefndarmanna eftir síðasta fund að senda áætlunina til umsagnar hjá starfsfólki bæjarins þann 23. janúar síðastliðinn eins og hún lá fyrir. Þá hafði Ólafur Kári Júlíusson vinnusálfræðingur hjá Vinnuvernd ehf. hafði yfirfarið athugasemdir nefndarinnar og komið með ný drög.

Í umsagnarferlinu var sendur út tölvupóstur á alla starfsmenn Grindavíkurbæjar og var athugasemdafrestur til 6. febrúar síðastliðinn. Nokkrar skriflegar ábendingar bárust. Nefndin kom einnig með nokkrar ábendingar og athugasemdir.

Samþykkt að senda allar ábendingar til Ólafs Kára til lokaúrvinnslu.

2. Önnur mál

Rætt um að verklagsreglur vanti vegna undirmönnunar á leikskóla og þá hvenær á að senda börn heim í ljósi mikils álags á starfsfólk. Bent var á að slíkar reglur séu til í öðrum bæjarfélögum.

Nefndin samþykkir að beina málinu til skóla- og félagsmálanefndar til umfjöllunar.

Fundi slitið kl. 16:10.